



# Landvernd

## Ársskýrsla 2013-2014

## Þáttaskil í starfsemi Landverndar

Það starfsár sem senn er á enda hefur markað þáttaskil í starfsemi Landverndar. Frá stofnun samtakanna árið 1969 voru þau lengst af samtök félaga og fyrirtækja og ekki er nema rétt rúmur áratugur síðan einstaklingar fengu að gerast félagar. Lengi vel voru félagsmenn um 500 talsins og í lok síðasta starfsárs voru þeir um 750. En á því starfsári sem nú er að ljúka hefur félagsmönnum fjölgað svo um munar og eru nú um 2.500. Það er um 230% fjölgun á einu ári, fimmföldun á tveimur árum.

Þó að þetta sé mikið fagnaðarefni þá eigum við enn langt í land. Ef við miðum Landvernd við norræn systursamtök og setjum okkur það markmið að félagsmenn verði sama hlutfall af þjóðinni og hjá stærstu náttúruverndarsamtökunum í Svíþjóð og Danmörku þá þyrftu félagsmenn í Landvernd að vera á milli 6.500 og 8.000. Það er verðugt markmið sem við skulum stefna að á næstu misserum og árum.

Nokkrar ástæður eru fyrir miklum vexti Landverndar að undanfögnu, en miklu skipti að í kjölfar Alþingiskosninga í vor boðaði ný ríkisstjórn strax á fyrstu dögum sínum stórfelldar stóriðjuframkvæmdir, eignarnám á landi fyrir háspennulínu, virkjun háhitasvæða á Reykjaneskaga, virkjun Urriðafoss í Þjórsá, virkjanaframkvæmdir í Skaftárhreppi og að miðhálandið yrði opnað fyrir virkjanaframkvæmdum. Orri Vigfússon, formaður Verndarsjóðs villtra laxastofna í Norður-Atlantshafi, skrifaði þá: „Ég varð þó órólegur við nýjustu fréttir um hvernig stýra ætti umhverfismálum. Í þeim efnum er boðað sama fagleysi og eftirlitsleysi og áður ríkti í bankakerfinu.“ Orri var ekki einn um að vera órólegur yfir stefnumörkun nýrrar ríkisstjórnar því að nokkur þúsund manns tóku þátt í grænni göngu náttúruverndarhreyfingarinnar 1. maí og á útifundi Landverndar við Stjórnarráðið 28. maí. Nokkur hundruð manns skráðu sig í Landvernd við það tilefni.

Senn verður ár liðið frá kosningum og sókn virkjanaiðnaðarins, stjórnvalda og stofnana í náttúruperlur og víðernin herðist enn. Landsnet undirbýr háspennulínu yfir Sprengisand, atvinnuvegaráðherra hefur heimilað eignarnám lands á Reykjaneskaga fyrir suðvesturlínu, friðsamir mótmælendur voru handteknir í Gálgahrauni, Landsvirkjun undirbýr virkjanir m.a. við Mývatn, Gjástykki, á miðhálandinu og við Þjórsárver og Orkustofnun hefur lagt fram tillögu að 91 virkjanasvæði fyrir verkefnisstjórn rammaáætlunar, þar af eru 19 svæði sem áður hafði verið raðað í verndarflokk. Til að bæta gráu ofan á svart hafa landeigendur og stjórnvöld vegið alvarlega að almannaréttinum - rétti almennings til frjálsra ferða um náttúru Íslands - með gjaldtöku við náttúruperlur og tillögu um náttúrupassa.

Allt þetta hefur vakið mikla reiði meðal þeirra sem sjá skynsemina og sóknarfærni í því að vernda náttúruperlurnar og víðernin - meiri reiði en ég hef áður orðið vitni að í náttúruverndarbaráttunni. Ágústínus frá Hippo taldi að reiði út í ríkjandi ástand væri önnur af tveimur forsendum fyrir því að við gætum haldið í vonina um breytingar. En reiðin ein færir okkur engar umbætur, því hugrekkið til að sætta okkur ekki við ríkjandi ástand er hin forsendan fyrir voninni um bjartari tíð. Það eru ærin verk sem bíða náttúruverndarsinna, að minnsta kosti næstu þrjú árin. Í þeirri baráttu þurfum við að vanda okkur við að virkja reiðina til góðra verka og gefa fólki tækifæri til að sýna hugrekki í baráttunni um náttúru Íslands. Vonandi eru þó átök lögreglu við friðsama Hraunavini í Gálgahrauni þann örlagaríka dag 21. október 2013 ekki forsmekkurinn af því sem koma skal.

Guðmundur Hörður Guðmundsson  
formaður Landverndar



Guðmundur Ingi Guðbrandsson,  
framkvæmdastjóri Landverndar,  
og Guðmundur Hörður  
Guðmundsson formaður við  
Stjórnarráðið 28. maí 2013.



## Græna gangan: 1. maí 2013 - 1.000 grænir fánar við Alþingi - 5.000 manns

Miðvikudaginn 1. maí efndu fimmtán samtök um náttúru- og umhverfisvernd til grænnar göngu að frumkvæði Landverndar. Gengið var niður Laugaveg í kjölfar kröfugöngu stéttarfélaganna og göngunni lauk á Austurvelli þar sem 1.000 grænum fánum var stungið niður fyrir framan Alþingi. Talið er að um 5.000 manns hafi tekið þátt í göngunni.

Efnt var til grænnar göngu til að hvetja þá nýkjörðu Alþingi til góðra verka í umhverfismálum og til að minna á að þingið hafi ekki umboð til að framfylgja virkjanastefnu á kostnað náttúrunnar. Á kjörtímabilinu sem þá var að hefjast verða teknar ákvarðanir um mörg verðmæt náttúrusvæði, t.d. Mývatn og Reykjanesskaga. Landskipulagsstefna mun koma til afgreiðslu hjá Alþingi og fyrir liggur krafa um stórar háspennulínur m.a. á Reykjanesskaga, í Skagafirði og víðar á Norðurlandi. Krafa grænu göngunnar var að náttúru Íslands yrði hlíft.

Í kosningabaráttunni 2013 voru umhverfismál lítið rædd þrátt fyrir að skoðanakannanir hafi sýnt lítinn stuðning við áframhaldandi uppbyggingu virkjana og stóriðju. Þannig reyndust 44% aðspurðra andvíg virkjanaframkvæmdum í Bjarnarflagi við Mývatn en 30,5% fylgjandi í könnun sem Capacent-Gallup gerði fyrir Landvernd. Í sömu könnun sögðust 51,3% vera andvíg því að fleiri álver yrðu reist hér á landi en 30,9% voru því hlynnt.

Eftirfarandi samtök stóðu að grænu göngunni: Landvernd, Ungir umhverfissinnar, Alda - félag um sjálfbærni og lýðræði, Náttúruverndarsamtök Íslands, Fuglavernd, Framtíðarlandið, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, Náttúruvaktin, Sól á Suðurlandi, Eldvötn, Umhverfsvaktin við Hvalfjörð og Græna netið.

Segja má að grænu göngunni sem hófst við Hlemm 1. maí hafi ekki lokið fyrr en 28. maí en þá efndi Landvernd til fundar við Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg. Þar voru forsætisráðherra og umhverfisráðherra færðar umsagnir um rammaáætlun sem almenningur, stofnanir, sveitarfélög, samtök og félög höfðu sent Alþingi og ráðuneytum, en forsætisráðherra hafði sagt í viðtali að fjöldi umsagna um rammaáætlun væri afleiðing af þróun upplýsingatækninnar og að megnið af athugasemdum hafi verið ein og sama athugasemdin. Til að leiðrétta þennan misskilning afhenti Landvernd forsætisráðherra fjölda ólíkra umsagna þar sem aukinnar verndar var krafist, m.a. frá þrettán umhverfisverndarsamtökum, Hveragerðisbæ, Samtökum ferðaþjónustunnar, Verndarsjóði villtra laxastofna og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Ráðherrunum var einnig afhent áskorun um að draga til baka yfirlýsingar um að fleiri svæði yrðu færð í virkjanaflokk rammaáætlunar, þar á meðal svæði á hálendinu.



## Áfangasigur í Bjarnarflagsmálinu

Allt frá því Landvernd og Fuglavernd sendu Ramsarskrifstofunni beiðni um að leita eftir svörum íslenskra stjórnvalda á áhrifum fyrirhugaðrar Bjarnarflagsvirkjunar á lífríki Mývatns og heilsu fólks á svæðinu í september 2012 hefur kastljósið aftur beinst að varðveislu þessarar einstöku náttúruperlu.

Landvernd efndi til undirskriftasöfnunar á netinu til stuðnings þeirri kröfu samtakanna að Bjarnarflagsvirkjun við Mývatn fari aftur í umhverfismat. Um 8.000 einstaklingar skrifuðu undir. Landvernd fylgdi málinu eftir með því að þrýsta á stjórnvöld um að bjóða sendinefnd til landsins frá hinum alþjóðlega Ramsarsamningi um vernd votlendissvæða, sem Mývatn og Laxá tilheyra. Fulltrúi samningsins kom hingað í ágúst 2013 í boði Umhverfisstofnunar og fundaði m.a. með Landvernd og Fuglavernd um málið.

Í september 2013 tilkynnti Landsvirkjun að fyrirtækið vildi að


umhverfismat fyrir Bjarnarflagsvirkjun yrði tekið upp að nýju, a.m.k. að hluta til og að leitað yrði álits Skipulagsstofnunar á því. Nú eru tíu ár liðin frá því að umhverfismat fyrir virkjunina var unnið.

Í desember 2013 sendi Ramsarskrifstofan frá sér skýrslu um úttekt sína á málinu. Þar var tekið undir það sjónarmið Landverndar að endurgera þurfi umhverfismat fyrir Bjarnarflagsvirkjun. Jafnframt tók sendinefndin undir þá ábendingu Landverndar að í ljósi áætlana um aukna jarðvarmavinnslu á Kröflusvæðinu og nálægðar þess við Mývatn, verði nýtt umhverfismat einnig að taka til mögulegra áhrifa af stækkunum á báðum svæðunum sameiginlega. Þá vekur athygli að mat Ramsar gengur mun lengra en verkfræðifyrirtækið EFLA lagði til í úttekt fyrir Landsvirkjun um málið í september 2013.

Landvernd mun áfram standa vaktina í Mývatnssveit.

## Fimmföldun félagsmanna á þremur árum

Markvisst hefur verið unnið að fjölgun félagsmanna í Landvernd og hefur það starf skilað drjúgum árangri. Árið 2011 voru um 500 skráðir félagsmenn en þeir eru nú um 2.500. Mest hefur fjölgunin orðið á síðastliðnu starfsári, en á aðalfundi 2013 voru félagsmenn um 750. Á starfsárinu voru innleiddir nýir verkferlar við nýliðun félagsmanna og fer hún nú fram með fernum hætti. Í fyrsta lagi nýtur Landvernd góðs af öflugum sjálfbóðaliðum sem safna nýjum félögum á öllum viðburðum félagsins. Þannig skráðu sig um 200 manns á útifundi við Stjórnarráðið í maí í fyrra og tæplega 300 manns á tónleikunum Stopp – gætum garðsins. Í öðru lagi skrá margir sig í tengslum við áköll á veraldarvefnum, t.d. er söfnun undirskrifta á hjartalandsins.is nýtt til að bjóða fólki að gerast félagsmenn. Í þriðja lagi var haldin átaksvika í nóvember og í fjórða lagi hefur fólk verið ráðið til að fjölga félagsmönnum með úthringingum.



Sjálfbóðaliðar safna félagsmönnum á tónleikum í Hörpu.



Hjarta landsins hleypt af stokkunum í Þjórsárverum. Hjartafell í baksýn.

## Hálendið - hjarta landsins: [hjartalandsins.is](http://hjartalandsins.is) - [heartoficeland.org](http://heartoficeland.org)

Í könnun sem stjórn Landverndar gerði á meðal félagsmanna samtakanna árið 2012 kom í ljós að flestir nefndu vernd hálendisins þegar spurt var hvaða málefni Landvernd ætti að leggja áherslu á. Í kjölfarið hófst undirbúningur að verkefni sem fékk yfirskriftina *Hálendið – hjarta landsins* og var því hleypt af stokkunum í Þjórsárverum í september 2013. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á fyrirhuguðum framkvæmdum á hálendi Íslands og gefa fólki kost á að taka undir kröfu Landverndar um að hálendinu verði hlíf. Nú hafa safnast um 6.000 undirskriftir frá 70 löndum. Vefur verkefnisins hefur slóðina [hjartalandsins.is](http://hjartalandsins.is) og á ensku [heartoficeland.org](http://heartoficeland.org).

Þrátt fyrir yfirlýsta stefnu stjórnvalda um verndun víðerna hefur stöðugt verið gengið á þessi verðmæti. Enn eru uppi áætlanir um virkjanir, uppbyggð vegi og raflínur á hálendinu, til dæmis í grennd við Þjórsárver, við Hágöngur og Hagavatn, í Skaftá, Skjálfandafljóti og Jökulsánum í Skagafirði og á Kili og Sprengisandi. Að mati Landverndar er afar mikilvægt að stöðva þessa þróun og vernda sérstöðu hálendisins sem felst í lítt röskuðum svæðum, stórbrotnum andstæðum í landslagi og gróðurfari og einstökum möguleikum til náttúruupplifunar í óbyggðum.

Hjartað var valið sem tákn verkefnisins vegna þess að útlínur hálendisins mynda hjarta í grófum dráttum. Auk þess fjallaði Guðmundur Páll Ólafsson um hálendið sem hjarta landsins, m.a. á baráttufundi í Háskólabíói 28. nóvember 1998: „Á meðan er okkar sæng upp reidd: Að verja hálendið, sjálft hjarta landsins, með ráð og dáð, sem sverð þess og skjöldur. Og annaðhvort verjum við það núna eða aldrei. Í húfi er æran, þín og mín; heiður allra Íslendinga.“ Hjartað er gyllt til að tákna auðinn sem felst í óspilltu hálendi, bæði

andlegum og efnislegum. Þá er hjartað myndað úr tveimur hlekkjum eða hringjum sem tákna tryggð við það sem okkur er kært.

Í apríl 2014 gerðust Ferðaklúbburinn 4x4, Ferðafélag Íslands, Samtök útivistarfélaga og Ferðafélagið Útivist aðilar að verkefninu með formlegum hætti. Skipuð verður fimm manna verkefnastjórn með fulltrúum þessara félaga og samtaka.



**Hálendið**  
-hjarta landsins

# Skólar á grænni grein

Verkefnið *Skólar á grænni grein* hefur nú verið rekið í þrettán ár hjá Landvernd. Á starfsárinu var byrjað að vinna eftir nýrri þriggja ára áætlun sem var afrakstur endurskoðunar verkefnisins sem fram fór í fyrra. Jafnframt var styrktarsamningur endurnýjaður við ráðuneyti umhverfis- og menntamála. Þátttökuskólar eru nú 217 á öllum skólastigum og hafa nokkrir nýir bæst í hópinn á starfsárinu. Rúm 70% þeirra skóla sem taka þátt í verkefninu hafa fengið afhentan Grænfánann, alþjóðlega viðurkenningu *Foundation for Environmental Education (FEE)*, en fáninn er afhentur til tveggja ára í senn fyrir góðan árangur í umhverfismennt og menntun til sjálfbærrar þróunar.

## Þátttakendum fjölgar

Verkefnið nýtur mjög mikilla vinsælda og er nú mestur vöxtur í því meðal leikskóla. Tæplega 37% leikskóla og ríflega helmingur grunnskóla, tæp 30% framhaldsskóla og 3 af 7 háskólum á landinu öllu eru þátttakendur í verkefninu. Sérstök áhersla hefur verið lögð á framhaldsskólastigið í vetur til að efla og bæta verkefnið á því skólastigi, m.a. með því að leita eftir hugmyndum nemenda. Katrín Magnúsdóttir sem hóf störf síðastliðið haust sinnir þessari áherslu auk almennra starfa.

Starfsfólk Skóla á grænni grein hefur haldið yfir 56 kynningarfundum, námskeið og fræðslufundi á árinu, ráðist í rúmlega 65 úttektr og afhent 77 grænfána í þátttökuskólum um land allt, auk þess að sinna margvíslegri ráðgjöf og þjónustu í gegnum tölvupóst og síma. Að fánaafhendingunum komu nokkrir sjálfbóðaliðar og velunnarar ásamt starfsfólki Landverndar.


## Ráðstefnan Byggjum á grænum grunni

Stærsta verkefnið síðastliðið ár var ráðstefna fyrir þátttökuskóla sem haldin var í Hörpu þann 11. október síðastliðinn. Meðal markmiða ráðstefnunnar var að auka getu skólanna til að takast á við sértækari þemu verkefnisins og voru sérfræðingar á hverju sviði

fengnir til að fjalla um þau. Innleiðing menntunar til sjálfbærni í íslenskt menntakerfi var sérstaklega tekin fyrir auk þess sem fjallað var um niðurstöður úr endurskoðun verkefnisins og verkáætlun næstu ára. Ráðstefnan var afar vel sótt, en á annað hundrað manns víðs vegar að af landinu tóku þátt. Fyrir utan þann augljósa ávinning sem fræðsla og umræða um ofantalin atriði skilar hafði ráðstefnan mikilvægu hlutverki að gegna sem vettvangur til samskipta og tengslamyndunar á milli þátttakenda í verkefninu.



Gerður Magnúsdóttir, verkefnisstjóri Skóla á grænni grein, flaggar grænfánanum á Vopnafirði.



# Metár Bláfánans á Íslandi

Bláfánaverkefnið er eitt af umhverfisverkefnum alþjóðlegu samtakanna *Foundation for Environmental Education (FEE)*. Bláfáninn er útbreiddasta umhverfisviðurkenning sinnar tegundar í heiminum og flagga yfir 3.850 baðstrendur og smábátahafnir fánanum í 48 löndum. Viðurkenningin er veitt fyrir markvissa umhverfisstjórnun, góða þjónustu, vandaða upplýsingagjöf og fræðslu um náttúrufrar svæðanna. Ísland hefur verið þátttakandi í Bláfánaverkefninu frá árinu 2002 og hefur Landvernd rekið verkefnið frá upphafi.

Árið 2013 var metár í starfsemi Bláfánans á Íslandi en þá flögguðu sjö staðir fánanum, samanborið við þrjá árið á undan. Þeir staðir sem flögguðu árið 2013 voru smábátahafnirnar á Borgarfirði eystri, Stykkishólmi, Patreksfirði og Ýmishöfn í Kópavogi og baðstaðirnir Bláa lónið, Ylströndin í Nauthólsvík og Langisandur á Akranesi. Þrír þessara staða hafa verið með í verkefninu frá upphafi á Íslandi en þeir eru Borgarfjörður eystri, Stykkishólmur og Bláa lónið sem flögguðu í ellefta sinn. Hinir flögguðu í fyrsta sinn fyrir utan Ylströndina í Nauthólsvík sem hóf þátttöku aftur eftir nokkurra ára hlé. Auk þess flögguðu þrjú hvalaskoðunarfyrtæki Bláfánaveifunnar, Elding og Sérferðir í Reykjavíkurbænum og Ambassador á Akureyri.

## Endurskoðun Bláfánaveifu

Það sem ber hæst í starfsemi verkefnisins síðastliðið ár er að hafist var handa við endurskoðun Bláfánaveifunnar, en henni geta hvala-

skaðunarfyrtæki og smábátaeigendur flaggað ef þeir undirrita viljayfirlýsingu sem gefur fyrirheit um að umhverfismál séu tekin föstum tókum. Endurskoðun Bláfánaveifunnar felst í því að auka kröfurnar sem gerðar eru til handhafa Bláfánaveifunnar þannig að þær samræmist betur hinum strangari kröfum og viðmiðum Bláfánans sjálfs. Landvernd leiðir nú alþjóðlegan vinnuhóp um endurskoðun Bláfánaveifunnar og hófst sú vinna á árlegri ráðstefnu Bláfánans á heimsvísu í október í fyrra. Í vinnuhópnum sitja fulltrúar Bláfánaverkefnisins á Íslandi, í Suður-Afríku og frá aðalskrifstofu FEE. Að auki verður unnið í samstarfi við hvalaskoðunarfyrtækið Eldingu og hvalaskoðunarfyrtæki í Suður-Afríku.

## Hvað er framundan?

Á nýliðnu starfsári réðst Landvernd í gerð þriggja ára verkáætlunar fyrir Bláfánaverkefnið og vinnur nú eftir henni. Átak í fjölgun þátttakenda í verkefninu hófst á haustmánuðum 2012 og mun halda áfram næstu þrjú árin. Þessi vinna hefur nú þegar skilað fjórum nýjum þátttakendum á árinu 2013 og tveir nýir umsækjendur bættust í hópinn fyrir árið 2014. Það eru smábátahöfnin á Bíldudal og Grófin í Keflavík. Markvisst er unnið að því að fjölga handhöfum Bláfánans í tólf árið 2015 og fimmtán árið 2016. Þróun Bláfánaveifunnar er annað helsta verkefnið framundan, en stefnt er að því að prufukeyra ný viðmið fyrir hana seinni hluta ársins 2014 og taka hana í notkun árið 2015.



Salome Hallfreðsdóttir, verkefnisstjóri Bláfánans (fyrir miðju í aftari röð), afhendir fána í Nauthólsvík.



## Jarðstrengjavæðing eða loftlínuskógar?

Umræða um jarðstrengi og loftlínur verður oft full tæknileg og flókin, en í rauninni er hún ósköp einföld. Spurningin snýst um hvort við viljum að raforkuflutningskerfið þróist áfram sem stórir loftlínuskógar eða að a.m.k. hluti raflína fari í jörð. Landvernd hefur látið sig miklu varða þessa umræðu víða um land enda skiptir þetta miklu fyrir náttúruvernd, útivist, ferðaþjónustu sem og samfélagið allt.

Landsnet hf. hefur uppi áform um umfangsmikla uppbyggingu í flutningskerfi raforku hérlendis. Um er að ræða stórar loftlínur með mikil sjónræn áhrif, líkt og þær sem er að finna á Helligshéiði, í Hvalfirði og frá Fljótsdalsstöð niður til álversins í Reyðarfirði. Áætlanir Landsnets hafa gert ráð fyrir slíkum 220kV (kílóvolta) raflínum á byggðalínuhringnum svokallaða frá Brennimeil í Hvalfirði, norður til Akureyrar, austur í Fljótsdal, suður fyrir og loks um Skaftárhrepp og norður í Sigöldu, hér kölluð hringleið (sjá kort). Önnur útfærsla felur einnig í sér þverun Sprengisands og tengingu milli Norður- og Austurlands (sjá kort) og hefur fyrirtækið nú tekið þá ákvörðun að ráðast fyrst í gerð Sprengisandslínu. Nýlega voru kynntar mögulegar útfærslur línunnar, bæði sem loftlínu og jarðstrengs. Landvernd hefur ítrekað komið á framfæri andstöðu sinni við raflínu yfir Sprengisand.

Landvernd hefur gagnrýnt Landsnet harðlega fyrir að neita að láta vinna umhverfismat fyrir jarðstrengi til jafns við loftlínur. Landsnet hefur fullyrt að fyrirtækið geti ekki lagt jarðstrengi á háum spennu-

stigum vegna mikils kostnaðarmunar samanborið við loftlínur og umhverfismat jarðstrengjaleiðar gæti því vakið upp óraunhæfar væntingar hjá almenningi.

Í ljósi þess að gögn erlendis frá m.a. Danmörku og Frakklandi hafa sýnt að jarðstrengir á 220kV eru að verða algengari og samkeppnishæfari kostnaðarlega séð, safnaði Landvernd fjármagni til að láta vinna almenna úttekt á kostnaðarmun jarðstrengja og loftlína hérlendis. Kanadíska fyrirtækið Metasco Energy Solutions komst að því að jarðstrengur er aðeins um 20% dýrari sé miðað við 220kV raflínu með 400 megavoltampera (MVA) flutningsgetu og að enginn munur er á 132kV spennu. Báðir valkostir eru því raunhæfir og því verður að taka báða til skoðunar þegar ákvarðanir eru teknar um einstök verkefni í flutningskerfinu.

Á nýliðnu starfsári hefur Landvernd einnig veitt umsagnir um fyrstu stig umhverfismats Landsnets á kerfisáætlun fyrirtækisins um þróun flutningskerfisins næstu árin og um skýrslu nefndar um lagningu raflína í jörð, en Landvernd átti fulltrúa í þeirri nefnd. Þá hafa fulltrúar samtakanna skrifað blaðagreinar og farið í fjölda viðtala vegna þessara mála, auk þess sem skýrsla Metasco var kynnt á opnum fundi í Reykjavík og í Skagafirði og fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðherra og atvinnuveganefnd Alþingis. Einnig kærðu Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og Landvernd í sameiningu leyfi Orkustofnunar til Landsnets um að reisa og reka Suðurnesjalínu 2.





## Fundir: Bill McKibben - sjálfbær ferðamennska - Grænfáni - Jarðstrengir - Hörður Bergmann - Álöldin

### 5. 5. 2013 „From the Front Lines of the Climate Fight“

Bill McKibben, stofnandi hinna alþjóðlegu samtaka 350.org, flutti fyrirlestur um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum í Háskólabíói í boði Landverndar, Norræna hússins og námsbrautar í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands. Um 300 manns sóttu fyrirlesturinn.

### 7.- 9. 5. 2013 Málþing um ferðamennsku á háhitasvæðum

Í tengslum við jarðhitaverkefni Landverndar voru haldin tvö málþing um þróun sjálfbærrar ferðamennsku á háhitasvæðum, annað í Þjóðminjasafni Íslands og hitt í Skjólbrekku í Mývatnssveit. Lykilfyrirlesarar voru nýsjálenskir sérfræðingar, Trevor Hunt og Laura Dawson sem héldu erindi um áhrif ferðamennsku á jarðhitasvæði Nýja Sjálands. Einnig voru erindi frá Ferðamálastofu, Háskóla Íslands, Landvernd og Umhverfisstofnun.

### 23. 5. 2013 „Do the Math“ – Reiknum dæmið til enda

Landvernd sýndi heimildamyndina „Do the Math“ um loftslagsbreytingar með alþjóðlegu grasrótarsamtökunum 350.org í Norræna húsinu, en myndin var sýnd á yfir 500 stöðum í meira en 80 löndum. Guðni Elísson, prófessor við Háskóla Íslands, lagði síðan út af myndinni og stýrði umræðum.

### 11. 10. 2013 Byggjum á grænum grunni – ráðstefna Grænfánans

Landvernd hélt ráðstefnu í Hörpu fyrir þátttökuskóla í Skólum á grænni grein þar sem endurskoðun verkefnisins og ný þriggja ára áætlun þess var kynnt, haldnar sérstakar málstofur um flóknari þemu verkefnisins og um mikilvægi verkefnisins fyrir menntun til sjálfbærrar þróunar.



Bill McKibben með grænan fána í Háskólabíói.

### 9. 11. 2013 Ný leiðarljós – málþing til heiðurs Herði Bergmann

Í tilefni áttæðisafmælis Harðar Bergmann efndu Landvernd og Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, til málþings um þjóðmála-bækur Harðar og ný leiðarljós í samfélagsumræðunni.

### 13. - 14. 11. 2013 Eru jarðstrengir raunverulegur kostur?

Kanadíska ráðgjafarfirmið Metasco Energy Solutions vann úttekt fyrir Landvernd á tæknilegri þróun jarðstrengja og kostnaðarmun á jarðstrengjum og loftlínum á hærri spennustigum. Niðurstöðurnar voru kynntar á tveimur opnum fundum í Reykjavík og í Skagafirði. Þórhallur Hjartarson, rafmagnsverkfræðingur og einn forstjóra Metasco, kynnti úttektina.

### 27. 11. 2013 Álöldin eftir Bert Ehgartner

Í átaksviku Landverndar til að fjölga félagsmönnum sýndu samtökin heimildamyndina Álöldina eftir Bert Ehgartner í samstarfi við Bíó Paradís.

### 3. 4. 2014 Málþing í tilefni 40 ára afmælis þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum

Á málþinginu var rætt um tækifæri sem felast í menningarminjum, náttúruminum, heilsu, ferðamennsku og byggðapróun á Norður-svæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Málþingið var samstarfsverkefni Vatnajökulsþjóðgarðs, Norðurþings, Landverndar, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Ferðamálastofu.



Ráðstefna Grænfánans í Hörpu.



## Náttúruvernd á háhitasvæðum

Jarðhitaverkefni Landverndar gengur út á fræðslu til ferðamanna um jarðfræði, líffræði og hið einstaka landslag sem einkennir íslensk háhitasvæði. Kannanir hafa sýnt að yfir 80% erlendra ferðamanna nefna náttúru Íslands sem helsta aðráttarafli landsins og þar leika jarðhitasvæði stórt hlutverk. Rík áhersla er því lögð á náttúruverndargildi svæðanna, mikilvægi ábyrgrar umgengni og öryggis ferðamanna, þannig að þeir geti notið einstakrar upplifunar á náttúru Íslands án þess að ganga á höfuðstól hennar. Háhitasvæði eru sérlega viðkvæm fyrir átroðningi og umferð og Landvernd telur afar mikilvægt að tryggja vernd þessara einstöku auðlinda okkar þannig að Íslendingar, erlendir gestir okkar og komandi kynslóðir geti notið þeirra.

### *Skoðunarferðir*

Árið 2013 var farið í tvær mjög vel heppnaðar skoðunarferðir. Rúmlega 40 manns fóru í fjögurra daga ferð í júlí þar sem náttúruperlur í Vestur-Skaftafellssýslu voru skoðaðar, en gengið var með Hólmsá að Strútslaug. Leiðsögumenn voru Vigfús Gunnar Gíslason, Gísli Már Gíslason og Þóra Ellen Þórhallsdóttir auk heimamanna. Í október fóru um 20 manns í ferð um Hengilssvæðið undir leiðsögn Einars Gunnlaugssonar, jarðfræðings hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Sumarið 2014 verður farið á Reykjanesskaga, í Vestur-Skaftafellssýslu og á Hengilssvæðið.

### *Fræðslufni og ráðstefnur*

Gerð skilta og bæklinga um háhitasvæði í Vonarskarði og Reykjadal er lokið og vinna er hafin að gerð fræðslu-

efnis í Kerlingarfjöllum og Kverkfjöllum. Einnig voru tvö málþing haldin um þróun sjálfbærrar ferðamennsku á háhitasvæðum. Vinna stendur nú yfir við gerð stuttra myndskreiða um vernd háhitasvæða á Íslandi.

### *Samstarfsaðilar verkefnisins*

Helstu samstarfsaðilar í verkefninu eru Náttúrufræðistofnun Íslands, Landsbjörg og Ferðafélag Íslands, auk landeigenda eða forráðamanna þeirra svæða sem unnið er á, m.a. Vatnajökulsþjóðgarðs, sveitarfélaga, Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum, Fannborgar í Kerlingarfjöllum og Ferðafélags Húsavíkur og Ferðafélags Fljótsdalshéraðs.



Rannveig Magnúsdóttir, verkefnisstjóri jarðhitaverkefnis, við upplýsingaskilti í Reykjadal.

## Loftslagsverkefni með sveitarfélögum

Haustið 2012 lagði Landvernd drög að nýju loftslagsverkefni með sveitarfélögum, byggt á forvinnu Bryndísar Woods starfsþjálfunnar hjá Landvernd, og verkefnið hófst svo formlega snemma árs 2013. Loftslagsverkefni Landverndar byggist á þrjú skiptum aðgerðaramma með það að markmiði að aðstoða sveitarfélög við að mæla útlosun sína á gróðurhúsalofttegundum þannig að þau geti á sem skilvirkastan hátt stýrt og dregið úr henni.

### Hornafjörður fyrsta sveitarfélagið

Landvernd hóf samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga á árinu. Í samvinnu leituðu þau til Sveitarfélagsins Hornafjarðar um að prufukeyra verkefnið. Eftir kynningarfund Landverndar á Höfn samþykkti sveitarfélagið að taka þátt. Haldinn var íbúafundur á Höfn til að safna saman hugmyndum um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og unnið er að þróun aðferðafræði til að mæla losun. Í desember 2013 og fyrri hluta árs 2014 verður unnið að söfnun gagna um útlosun (grunnlínugögn), þau greind með tilliti til mismunandi geira og möguleika sveitarfélagsins til að

draga úr losun. Á grundvelli þessa verða markmið tímasett og unnin aðgerðaáætlun um samdrátt í losun fyrir sveitarfélagið. Aðgerðum verður svo hrint í framkvæmd síðar á árinu.

### Mikilvægt framlag á sviði loftslagsmála

Á árinu 2014 verður leitað samstarfs við önnur sveitarfélög sem gætu komið inn í verkefnið árið 2015. Mikil samlegðaráhrif geta náðst með því að safna saman reynslu og þekkingu á einn stað, hjá Landvernd, sem þannig getur nýst sveitarfélögum sem þátt taka í verkefninu um allt land.

Samdráttur í losun sveitarfélaga á gróðurhúsalofttegundum er atriði sem ekki hefur verið tekið mikið á í stefnumörkun Íslands í loftslagsmálum. Við teljum að með loftslagsverkefninu fái stjórnvöld aðstoð við að ná fram þeim markmiðum sem sett hafa verið á alþjóðavettvangi og hér heima.



Breytingar á Hoffellsjökli vegna hlýnnar. Þorvarður Árnason tók fyrri myndina í apríl 2008 en sú síðari er tekin á sama stað í febrúar 2012.

## Gjaldtaka á ferðamannastöðum

Stjórn Landverndar setti nýlega fram tillögu um gjaldtöku á ferðamenn. Landvernd hefur einnig unnið með Ferðafélagi Íslands, Ferðaklúbbnum 4x4, SAMÚT og Útivist að sameiginlegri umsögn um drög að frumvarpi til laga um náttúrupassa og fundað með ráðherrum ferðamála og umhverfismála.

Mikilvægt er að leggja áherslu á heildstæðari stefnumótun í ferðamálum á Íslandi. Náttúran er stærsta auðlind ferðapjónustunnar og því þarf fyrst og fremst að tryggja að ferðamennska hafi ekki neikvæð áhrif á vistkerfi, landslag og víðerni. Uppbygging innviða getur haft neikvæð áhrif á ásýnd náttúrulegra svæða eða upplifun ferðamanna af lítt snortinni og ómanngerðri náttúru. Því er nauðsynlegt að ákveða hvar skuli byggja upp innviði og hvar ekki.

Jafnframt þarf að efla innviði og þjónustu til að forða mörgum svæðum frá skemmdum og ágangi. Í þeim tilgangi er ásættanlegt

að innheimta gjald af ferðamönnum sem renni til uppbyggingar og reksturs á ferðamannastöðum, þ.m.t. til fræðslu, landvörslu og öryggismála.

Nauðsynlegt er að iðnaðar- og viðskiptaráðherra láti útfæra fleiri tillögur um gjaldtöku en náttúrupassa. Passinn stríðir gegn almannarétti um frjálsa för fólks um óræktað land, koma þarf á umfangsmikilli umsýslu við markaðssetningu, sölu og eftirlit, auk þess sem náttúrupassi gæti haft neikvæð áhrif á viðhorf fólks til náttúrunnar og ferðapjónustunnar. Í stað náttúrupassa þarf að útfæra blöndu nokkurra leiða, s.s. hóflegs komu- eða brottfarargjalds, breytinga á gistináttgjaldi sem einnig nái til skemmtiferðaskipa og virðisaukaskatti. Slíkar aðferðir ógna ekki almannaréttinum og leiða ekki til flókinna umsýslu.

# Landgræðsla með skólum á Suðurlandi

Landvernd hleypti af stokkunum nýju langtíma verkefni á sviði vistheimtar (landgræðslu) og umhverfismenntar árið 2013 sem er fjármagnað að stærstum hluta með arfi sem samtökunum hlotnaðist eftir Áslaugu Hafliðadóttur. Samstarfshópur Landverndar, Landgræðslu ríkisins og þriggja grænfánaskóla á Suðurlandi; Þjórsárskóla, Hvolsskóla og Grunnskólans á Hellu, var myndaður í lok febrúar 2013. Leitað var eftir samstarfi við Landgræðsluskóla sameinuðu þjóðanna á Íslandi og Landvernd hefur einnig hafið samstarf við Landbúnaðarháskóla Íslands um gerð fagefnis um landeyðingu og vistheimt. Verkefnið er þannig liður í að efla þekkingu og getu grænfánaskóla til að takast á við flóknari umhverfismál.

Verkefnið felur í sér fræðslu og þekkingarsköpun meðal nemenda, kennara og nærsamfélags í þremur grænfánaskólum á Suðurlandi, þar sem áhersla er lögð á þátttöku nemenda í rannsóknum og vistheimtaraðgerðum heima í héraði. Nemendur miðstígs grunnskólanna munu undir leiðsögn kennara, starfsfólks Landverndar og Landgræðslu ríkisins setja upp tilraunasvæði í vistheimt (landgræðslu) á örfoka landi á Suðurlandi. Nemendur munu mæla gróðurþekju, kanna smádyralíf og ýmsa umhverfisþætti áður en

vistheimtaraðgerðir hefjast til að geta metið árangur þeirra eftir á. Þannig verða nemendur virkir þátttakendur í aðgerðum og þar sem þær eru settar fram sem tilraun, munu þeir einnig læra vísindaleg vinnubrögð. Nemendur munu svo vinna úr gögnum sem þeir safna og kynna niðurstöður sínar í skólanum og fyrir nærsamfélaginu.

Haldið var heilsdagsnámskeið í ágúst 2013 fyrir kennara og starfsfólk í grænfánaskólunum þremur um vistheimt sem aðgerð til að takast á við landeyðingu, loftslagsbreytingar og tap á lífbreytileika. Námskeiðið tókst mjög vel og verður annað námskeið haldið í ágúst 2014 þar sem kafað verður dýpra ofan í hvaða aðgerðum er beitt í vistheimt og hvernig vinna má með niðurstöður, úrvinnslu og framsetningu gagna. Vorið 2014 verður hafist handa við vistheimtaraðgerðir í tilraunareitum við skólana og haustið 2014 verður árangurinn metinn.

Þátttaka og menntun ungmenna í að takast á við áskoranir í umhverfismálum á heimavelli eru á meðal lykilþátta í að stuðla að breyttum viðhorfum og umgengni alls samfélagsins við náttúruna. Landvernd stefnir að því að verkefnið nýtist síðar sem líkan að umhverfismennt á sviði vistheimtar í skólum landsins, en árangursríkar aðferðir og kennsluafni skortir á sviði flókinna umhverfismála.




Starfsfólk skólanna á námskeiði í Sagnagarði í Gunnarsholti í ágúst 2013 ásamt starfsfólki Landverndar og Landgræðslu ríkisins.

## Helmingur andvígur álveri

Í könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Landvernd í apríl 2013 sagðist rúmur helmingur aðspurðra, eða 51,3% vera andvíg því að fleiri álver verði reist hér á landi til viðbótar við þau sem þegar eru starfandi. Tæp 31% sögðust hlynnt því að fleiri álver verði reist.

Spurt var: Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú því að fleiri álver verði reist hér á landi til viðbótar við þau sem þegar eru starfandi.



# Stjórn og starfsfólk Landverndar 2013-2014



Guðmundur Hörður  
Guðmundsson  
formaður



Hrefna  
Sigurjónsdóttir  
varaformaður



Jóna Fanney  
Friðriksdóttir  
gjaldkeri



Haukur Agnarsson  
ritari



Anna G.  
Sverrisdóttir  
meðstjórnandi



Einar Bergmundur  
Arnbjörnsson  
meðstjórnandi



Fríða Björg  
Eðvarðsdóttir  
meðstjórnandi



Guðmundur  
Björnsson  
meðstjórnandi



Helena Óladóttir  
meðstjórnandi



Jón S.  
Ólafsson  
meðstjórnandi



Guðmundur Ingi  
Guðbrandsson  
framkvæmdastjóri



Gerður Magnúsdóttir,  
verkefnastjóri Skóla á  
grænni grein



Salome Hallfreðsdóttir,  
verkefnastjóri Bláfána  
og umhverfisstjórnunar



Rannveig Magnúsdóttir,  
verkefnastj. jarðhita-,  
loftslags- og vistheimtar



Katrín Magnúsdóttir,  
starfsmaður Skóla á  
grænni grein



Hrefna Einarisdóttir  
bókari



Steinn Kárason,  
sérverkefni Skóla á  
grænni grein



Margrét Víkingsdóttir,  
starfsmaður á  
skrifstofu



Sigríður Bylgja  
Sigurjónsdóttir  
starfsnemi



Hugrún Geirsdóttir  
starfsnemi

## Gálgahraun: Samstaða um hraunið

Vorið 2013 tóku Hraunavínir, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og Náttúruverndarsamtök Íslands sig saman og höfðuðu mál fyrir dómstólum vegna lagningar nýs Álftanesvegar um Gálgahraun í Garðabæ. Farið var fram á stöðvun verksins á grundvelli þess að framkvæmdaleyfi væri útrunnið og mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar þyrfti að endurskoða, enda meira en tíu ár liðin frá gerð þess. Þess má einnig geta að skoðana-könnun sem MMR lét vinna haustið 2013 sýndi að 42% aðspurðra voru andvíg lagningu Álftanesvegar um Gálgahraun en einungis 25% hlynt.

### Ráðist í framkvæmdir þvert ofan í dómsmál

Þrátt fyrir að þegar hefði verið mælt fyrir dómsmálinu í Héraðsdómi Reykjavíkur, hóf Vegagerðin framkvæmdir í ágúst 2013. Farið var fram á lögban á framkvæmdina, enda augljóst að framkvæmdir myndu eyðileggja þá hagsmuni sem barist var fyrir, þ.e.a.s. verndun hraunsins. Lögbannsmálinu var síðar vísað frá á grundvelli þess að náttúruverndarsamtökin hefðu ekki lögvarinna hagsmuna að gæta í málinu, þrátt fyrir að markmið þeirra sé að vernda náttúru landsins. Nýlega var svo ákveðið að falla frá aðal dómsmálinu. Hins vegar hafa samtökin fjögur sent ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, formlega kvörtun þess efnis að Ísland hafi gerst brotlegt við EES-samninginn með því að taka ekki upp í íslensk lög ákvæði í tilskipunum sem snúa að möguleikum umhverfisverndarsamtaka til að leita réttar síns. Lögmansstofan Málþing ehf. hefur rekið mál samtakanna.

### Handtökurnar í hrauninu

Allt frá haustdögum stóð stór hópur náttúruverndarsinna vaktina í Gálgahrauni og yfir hundrað manns skráðu sig á útkallslista. Aðgerðum var stjórnað úr hrauninu og af skrifstofu Landverndar. Sú samhæfing tókst mjög vel, eins og sást hinn örlagaríka dag 21. október 2013. Þá hófu vinnuvélar framkvæmdir í Gálgahrauni og fjöldi náttúruverndarsinna var kallaður á staðinn. Friðsamleg mótmæli voru þó að engu höfð, fjöldi fólks var handtekinn og færður til yfirheyrslu, og sumir beittir óþarfa harðræði við handtökur. Níu mótmælendur hafa verið ákærðir og eru mál þeirra nú fyrir dómstólum.




Ómar Ragnarsson handtekinn í Gálgahrauni 21. október 2013.

## Andstaða við virkjun við Mývatn

Tæp 44% almennings eru andvíg fyrirhugaðri virkjun Landsvirkjunar í Bjarnarflagi við Mývatn, en einungis 30,5% eru henni fylgjandi. Þetta kemur fram í könnun sem Capacent Gallup vann fyrir Landvernd í apríl 2013.

Spurt var: Hversu hlynt(ur) eða andvíg(ur) ert þú virkjanaf framkvæmdum í Bjarnarflagi við Mývatn.





Frá tónleikunum í Höfu.

## Stopp - gætum garðsins!

Þann 18. mars efndu listamenn til stórtónleika í Höfu og Darren Aronofsky heimsfrumsýndi kvikmyndina Noah hér á landi Á tónleikunum komu fram Highlands, Patti Smith, Mammút, Retro Stefson, Of Monsters and Men, Björk, Samaris og Lykke Li. Allir listamennirnir gáfu vinnu sína og allur ágóði af tónleikunum og kvikmyndasýningunni rann til Landverndar og Náttúruverndar samtaka Íslands. Uppselt var á frumsýninguna og tónleikana og ágóði átaksins er um 11 milljónir króna. Hér er því um að ræða mikla búbot fyrir náttúruverndarbaráttuna.

Að auki ákvað stjórn Náttúruverndarsjóðs Pálma Jónssonar að leggja 24 milljónir til söfnunarinnar.

Yfirskrift viðburðanna var **Stopp - Gætum garðsins!** Í tengslum við þá var gefin út yfirlýsing þar sem sagði m.a.: „Hálendi Íslands, stærsta víðerni í Evrópu þar sem ósnortin og lítt snortin náttúra fá enn notið sín, er ekki bara athvarf og fjársjóður okkar sem erfðum og munu erfa þetta land heldur heimsins alls. Hvergi annars staðar er að finna Mývatn, Þjórsárver, Sprengisand, Skaftafell og Langa-sjó.“



Andri Snær Magnason, Björk Guðmundsdóttir, Darren Aronofsky, Patti Smith, Árni Finnsson, Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Grímur Atlason á fréttamannafundi í Höfu.

# Umsagnir, kærur og dómsmál

Eitt af mikilvægum hlutverkum félagasamtaka á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála er að veita stjórnvöldum og fyrirtækjum öflugt aðhald. Á yfirstandandi starfsári hefur Landvernd gefið álit sitt á fjölmörgum málum. Leitað hefur verið til samtakanna um umsagnir við fjölda lagafrumvarpa, þingsályktunartillagna, skipulagsmála sveitarfélaga og vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana. Á starfsárinu hefur Landvernd sent frá sér 20 umsagnir, eina stjórnslukæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og tekið þátt í þremur dómsmálum. Nánari upplýsingar um hvert mál má finna á vefsíðu samtakanna.

## Náttúruvernd

- Drög Umhverfisstofnunar að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands (umsögn).
- Drög að skýrslu Ramsarskrifstofunnar um áhrif Bjarnarflags-virkjunar á lífríki Mývatns og Laxár (umsögn).
- Tillaga til þingsályktunar um uppbyggða vegi um hálandið (umsögn).
- Frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013 (umsögn).
- Tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs (umsögn).
- Tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra (umsögn).
- Auglýsing Umhverfisstofnunar að tillögu að friðlýsingu Hóláhóla og Hóladals í Öxnadal (umsögn).
- Kvörtun til ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, um vanefndir á innleiðingu evrópulöggjafar (kvörtun með Hraunavinum, Náttúruverndarsamtökun Suðvesturlands (NSVE) og Náttúruverndarsamtökum Íslands (NSÍ)).
- Lögmati framkvæmdar Vegagerðarinnar með lagningu nýs Álftanesveggar (dómsmál með Hraunavinum, NSVE og NSÍ).
- Lögbanskrafa vegna framkvæmda við lagningu nýs Álftanesveggar um Gálgahraun (dómsmál með Hraunavinum, NSVE og NSÍ).

## Ferðapjónusta og ferðamál

- Drög að frumvarpi til laga um náttúrupassa (umsögn með Ferða-

félagi Íslands, Ferðaklúbbnum 4x4, SAMÚT og Útivist).

## Verndar- og orkunýtingaráætlun

- Drög að reglugerð um virkjunarkosti í verndar- og orkunýtingaráætlun (umsögn).
- Tillaga verkefnisstjórnar rammaáætlunar um flokkun virkjunarhugmynda í neðrihluta Þjórsár (umsögn).

## Raforkuflutningur og háspennulínur

- Skýrsla ráðgjafahóps um raforkustreng til Evrópu (umsögn).
- Skýrsla nefndar um mótun stefnu um lagningu raflína í jörð (umsögn).
- Leyfisveiting Orkustofnunar til Landsnets hf. til að reisa og reka flutningsvirkið Suðurnesjalínu 2 (kæra með NSVE).

## Landnýting, landgræðsla og skógrækt

- Könnun umhverfis- og auðlindaráðuneytis varðandi landnotkun í dreifbýli (umsögn).
- Tillaga til þingsályktunar um eflingu skógræktar sem atvinnugreinar og sameiningu stjórnslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu (umsögn).

## Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum er varðar endurskoðun matsskýrslu (umsögn).
- Matslýsing kerfisáætlunar Landsnets 2014-2023 (umsögn).
- Frummatsskýrsla fyrir rannsóknaboranir í Eldvörpum (umsögn).

## Skipulagsmál

- Tillaga Skútustaðahrepps um deiliskipulag á stækkun Kröflu-virkjunar (umsögn).
- Tillaga Ásahrepps að lýsingu á aðalskipulagsbreytingu á Holtamannaafretti 2010-2022 (umsögn).
- Lýsing Skipulagsstofnunar á landsskipulagsstefnu 2015-2026 (umsögn).



Hraunavinir sem stóðu vaktina í Gálgahrauni á meðan niðurstöðu dómsmála var beðið.



# Áskoranir, ályktanir og yfirlýsingar

Landvernd sendi frá sér fjölda ályktana, yfirlýsinga og áskorana á starfsárinu.

## Ályktanir aðalfundar Landverndar 13. apríl 2013

Aðalfundur Landverndar 13. apríl 2013 ályktaði um átta mál sem nánar má lesa um á vefsíðu samtakanna. Ályktað var um að hætt verði við Bjarnarflagsvirkjun, áhrif ferðamennsku á náttúru Íslands, stofnun kynslóðasjóðs af auðlindaarði olíuvinnslu, menntun til sjálfbærni í skólum landsins, verndar- og orkunýtingaráætlun, ný náttúruverndarlög, úrsögn Grindavíkurkaupstaðar úr Reykjanes-fólkvangi og nýjan Álftanesveg yfir Gálgahraun.

## Friðlýsing Skjálfandafljóts

Landvernd fagnaði ítrekun sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar um að sveitarfélagið væri á móti hugmyndum um að virkja Skjálfandafljót. Landvernd hvatti Þingeyjarsveit til að styðja hugmyndir um friðlýsingu Skjálfandafljóts með stuðningi af nýjum náttúruverndarlögum.

## Ofnýting jarðvarma á Hellisheiði

Landvernd lýsti yfir áhyggjum af stöðu jarðhitasvæðisins í Henglinum eftir fréttir um að vinnslusvæðið hefði ekki staðið undir væntingum. Samtökin telja að hætta eigi rafmagnsframleiðslu á jarðhitasvæðum til orkufrekrar stóriðju. Einnig sé mikilvægt að líta til sjálfbærrar nýtingar jarðvarma í vinnu við 3. áfanga ramma-áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða.

## Haldið verði áfram við uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands

Landvernd ásamt átta öðrum samtökum hvöttu menntamálaráðherra til að halda áfram uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands í Perlunni. Náttúruminjasafn sé lögum samkvæmt eitt þriggja höfðusafna þjóðarinnar og hafi mikla þýðingu fyrir upplýsingamiðlun til allra skólastiga, almennings og ferðamanna.

## Afturköllun náttúruverndarlaga mótmælt

Landvernd mótmælti harðlega ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra um afturköllun laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og krafði ráðherra um rökstuðning fyrir ákvörðuninni. Landvernd benti á að frekar ætti að endurskoða einstaka þætti laganna, en að nema þau úr gildi.

## Ramsar tók undir með Landvernd vegna virkjana í Mývatnssveit

Sendinefnd Ramsarskrifstofunnar tók undir með Landvernd að endurgera þyrfti umhverfismat fyrir Bjarnarflagsvirkjun. Jafnframt tók hún undir tillögu Landverndar um að nýtt umhverfismat tæki einnig til áhrifa jarðvarmavinnslu á Kröflusvæðinu. Landvernd lagði áherslu á að ekki yrði farið í virkjanaf framkvæmdir við Mývatn ef óvissa ríkti um áhrif þeirra á lífríki þess.

## Hætt við afturköllun náttúruverndarlaga

Landvernd fagnaði tillögu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um að fresta gildistöku laga um náttúruvernd til 1. júlí 2015, í stað þess að fella lögin úr gildi. Landvernd hvatti jafnframt til þess að Alþingi fengi sem flesta hagsmunaaðila að borðinu til að leysa úr ágreiningsefnum tengdum lögum um náttúruvernd.

## Vegið að almannarétti

Landvernd ásamt Ferðafélagi Íslands, Ferðaklúbbnum 4x4, SAMÚT og Útivist sendu frá sér yfirlýsingu um að náttúrupassi eða gjald inn á einstaka staði vegi að almannarétti um frjálsa för fólks um landið. Samtökin lýstu yfir skilningi á innheimtu gjalds til uppbyggingar eða reksturs staðanna en fara bæri leiðir sem ekki brytu á almannaréttinum.

## Hætt verði við olíuleit á Drekasvæðinu

Landvernd ásamt 11 öðrum náttúruverndarsamtökum skrifuðu undir yfirlýsingu þess efnis að olíuleit á norðurslóðum stangaðist á við skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum og ógnaði lífríki á svæðinu. Samtökin kröfðust þess ríkisstjórn Íslands og Alþingi hættu við allar áætlanir um vinnslu olíu og gass innan efnahagslög-sögu landsins.

## Nýrri Norðlingaölduveitu mótmælt

Stjórn Landverndar mótmælti harðlega öllum áformum Landsvirkjunar um nýja Norðlingaölduveitu. Yrði hún að veruleika myndi rennsli í fossum Þjórsár skerðast og miðlunarlón kljúfa og eyðileggja lítt snortin víðerni í námunda við Þjórsárver. Landvernd hvatti eindregið til friðlýsingar svæðisins.

## Upprekstur fjár á Almenna á Rangárþingi eystra

Landvernd harmaði ákvörðun nokkurra bænda í Rangárvallasýslu að reka fé sitt á Almenna á Rangárþingi eystra, en afrétturinn hefur verið metinn óbeitarhæfur. Með ákvörðun sinni gangi bændurnir þvert gegn stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu auðlinda og skaði ímynd íslensks landbúnaðar.

## Eignarnámi jarða á Reykjanesi mótmælt

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og Landvernd mótmæltu ákvörðun atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um að veita Landsneti hf. heimild til að taka jarðir á Reykjaneskaga eignarnámi vegna fyrirhugaðrar Suðurnesjalínu 2.

## Hætt verði við útboð Skrokkölduvirkjunar

Stjórn Landverndar hvatti Landsvirkjun til að hætta við útboð á rannsóknnum vegna fyrirhugaðrar Skrokkölduvirkjunar á hálendi Íslands og hefja þess í stað samráð við almennung og útivistar- og náttúruverndarfélag um framtíð hálendisins.



Frá fundi fulltrúa Landverndar og Fuglaverndar með fulltrúum Ramsar, umhverfisráðuneytisins og Umhverfisstofnunar.

## Rekstrarreikningur ársins 2013

Rekstrartekjur:	2013	2012
Árgjöld ...	4.380.581	2.140.700
Almennir styrkir ...	10.432.800	6.885.000
Verkefnatengdar tekjur og styrkir ...	38.675.550	25.228.130
Sérverkefni - tilfallandi ...	3.873.793	
Umsýslu- og aðstöðugjald ...	5.365.185	3.563.682
Aðrar tekjur ...	277.699	1.644.745
	<u>63.005.608</u>	<u>39.462.257</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Laun og tengd gjöld ...	8.225.307	7.185.132
Verkefnatengd gjöld ...	39.088.858	25.423.462
Sérverkefni - tilfallandi ...	3.408.164	
Önnur rekstrargjöld ...	7.392.904	7.469.269
Afskriftir ...	214.653	234.080
Fjármagnstekjuskattur ...	237.931	129.234
	<u>58.567.817</u>	<u>40.441.177</u>
Tekjur (halli) fyrir fjármuna- og fjármagnsliði ...	4.437.791	(978.920)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>		
Fjármunatekjur ...	1.690.373	1.337.411
Fjármagnsgjöld ...	<u>(7.468)</u>	<u>(3.919)</u>
	1.682.905	1.333.492
Tekjur (halli) ársins ...	<u>6.120.696</u>	<u>354.572</u>



*Efri myndin er af frú Vigdís Finnbogadóttur, verndara Landverndar og Arngrími Geirssyni, bónda og sprengjumanni við Miðkvísl á aðalfundi Landverndar 2013.*

*Neðri myndin er tekin á tónleikum sem haldnir voru í Neskirkju til stuðnings mótmælendunum í Gálghrauni og Landvernd tók þátt í að skipuleggja.*

## Efnahagsreikningur ársins 2013

Eignir	2013	2012
Fastafjármunir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Jörðin Alviðra og Öndverðarnes II ...	9.997.198	10.190.386
Bífreið, áhöld og innréttingar ...	<u>185.683</u>	<u>207.148</u>
	10.182.881	10.397.534
Langtímakröfur:		
Verðbræfaeign Hússjóðs ...	<u>17.410.234</u>	<u>16.884.282</u>
Fastafjármunir alls ...	27.593.115	27.281.816
Veltufjármunir:		
Birgðir, bækur o.fl. ...	680.000	680.000
Ýmsar kröfur ...	2.522.650	3.205.591
Handbært fé ...	<u>30.028.728</u>	<u>22.060.656</u>
Veltufjármunir alls ...	33.231.378	25.946.247
Eignir alls ...	<u>60.824.493</u>	<u>53.228.063</u>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>
Eigið fé:		
Eigið fé ...	53.849.509	47.728.813
Skuldir :		
Skammtímaskuldir:		
Ýmsar skammtímaskuldir ...	<u>6.974.984</u>	<u>5.499.250</u>
Skuldir alls ...	6.974.984	5.499.250
Skuldir og eigið fé, alls ...	<u>60.824.493</u>	<u>53.228.063</u>



# Stiklur úr starfi Landverndar

## Starfsfólk

Starfsfólki Landverndar fjölgaði á árinu, þó sumar stöður væru einungis tímabundnar.

Katrín Magnúsdóttir var ráðin sem starfsmaður Skóla á grænni grein og leysir nú einnig Salome Hallfreðsdóttur af í barneignarleyfi hennar. Katrín er líffræðingur og mannfræðingur að mennt og hefur að auki kennararéttindi. Katrín starfaði áður sem raungreina-kennari hjá Verzlunarskóla Íslands og forstöðumaður Sesseljuhúss á Sólheimum.

Steinn Kárasón var ráðinn tímabundið til starfa við Skóla á grænni grein. Steinn er með mastersgráðu í umhverfisstjórnun og sjálfbærri þróun og hefur áður starfað við ritstörf, fjölmiðlun og kennslu, auk garðyrkju. Margrét Víkingsdóttir var ráðin tímabundið á skrifstofu Landverndar. Margrét hefur um árabil unnið í ferðaþjónustu, við ráðstefnur, sölu- og kynningarstörf. Hugrún Geirsdóttir nemi í umhverfis- og auðlindafræði vann sem starfsþjálfunarnemi á Landvernd haustið 2013 og vinnur nú að meistara-verkefni sínu um Grænánaveirverkið.

## Varðliðar umhverfisins

Verkefnasamkeppnin Varðliðar umhverfisins er samstarfsverkefni umhverfisráðuneytisins, Landverndar og Náttúruskóla Reykjavíkur. Hún var haldin í áttunda skipti í apríl 2013 og hefur það að meginmarkmiði að kalla eftir leiðsögn yngri kynslóðarinnar í umhverfismálum. Alls bárust 16 tilnefningar frá nemendum í 5.-10. bekk grunnskóla, sem er mikil fjölgun á milli ára. Þrjár viðurkenningar voru veittar: Kerhólsskóla í Grímsnesi fyrir að safna smáraftækjum sem nemendur seldu og nýttu fjármunina til að styðja við mannúðarmál, Melaskóla fyrir jólaeikrit sem hafði sterkan umhverfisboðskap og Narfi Hjartarson í Grunnskóla Vesturbyggðar fyrir að stofna og halda úti facebooksíðu þar sem hann hvetur fólk í heimabyggð sinni að gera betur í umhverfismálum.

## Dregið úr matarsóun

Landvernd hefur haldið nokkra fyrirlestra um sóun matvæla og siðferði matvælanotkunar, m.a. hjá Kvenfélagasambandi Íslands. Í framhaldinu var ákveðið að fara í frekara samstarf við Kvenfélagasambandið og fleiri aðila og stefnt er að því að halda samnorranan viðburð um matarsóun haustið 2014. Meðal lykil-fyrirlesara verða Selina Juul, stofnandi „Stop spild af mat“ hreyfingarinnar og handhafi náttúru- og umhverfisverðlauna Norðurlandsráðs.

## Starfsemi í Alviðru

Nokkrar gönguferðir voru skipulagðar í Alviðru í sumar, t.d. leiddi Eiríkur Valdimarsson þjóðfræðingur fólk upp á Ingólfsfjall. Eftir var til fjölskyldudagskrár í Alviðru um miðjan ágúst, þar sem Hrefna Sigurjónsdóttir, varaformaður Landverndar, stóð fyrir fjölbreyttri náttúruskoðun og náttúruleikjum ásamt starfsfólki Landverndar. Sjálfbóðaliðar frá Sjálfbóðaliðasamtökum um náttúruvernd unnu í tvo daga að viðhaldi stíga í Öndverðarnesi haustið 2013. Nokkrir hópar nýttu sér aðstöðu í Alviðru yfir sumartímann til umhverfisfræðslu.

## Ofnýting jarðhitaauðlindarinnar

Landvernd átti aðild að verkefni náttúruverndarsamtaka á Norðurlöndum um námuvinnslu. Ruth Shortall, doktorsnemi við HÍ, vann samantekt fyrir Landvernd á „geothermal mining“ eða ósjálfbærri nýtingu jarðhitaauðlindarinnar og benti á leiðir til að bæta stýringu hennar.

## Landgræðslustörf á Gnúpverjafrétti

Landvernd leiddi bandaríska nemendur úr SIT Study Abroad verkefninu upp á Gnúpverjafrétt til að vinna að landgræðslu á svæðinu við Rauðá austan Hólaskógar. Sigprúður Jónsdóttir í Eystra-Geldingaholti verkstýrði, en dreift var úr gömlum heyrúllum í rofsár á svæðinu. Landvernd þakkar þessum fjöruga hópi háskólastudenta fyrir frábært framlag til náttúruverndar á Íslandi.



Nemendur úr SIT Study Abroad verkefninu við landgræðslu á Gnúpverjafrétti.

## Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands

Landvernd er frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi.

Innan Landverndar eru 44 aðildarfélag um allt land en auk þess eru um 2.500 einstaklingar skráðir félagar. Samtökin voru stofnuð 1969.

Þessi skýrsla stjórnar var lögð fram á aðalfundi Landverndar 5. apríl 2014.



LANDVERND

